

REGLUGERÐ

um úthlutun á opnum tollkvótum á hakkefni úr nautakjöti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. veitir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvóta á hakkefni úr nautakjöti samkvæmt viðauka IV A við 12. gr. tollalaga nr. 88/2005 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, vörumagn, verð- og magntoll:

Tollskrárnúmer	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
	Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst:				
	<i>- Beinlaust:</i>				
0202.3009	Annað (hakkefni)	07.10.13 - 31.03.14	ótilgreint	0	240

3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 448/2012 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 31. mars 2014.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 3. október 2013.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Halldór Runólfsson.

Rebekka Hilmarsdóttir.